

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 5. desember 2018

Tilvísun: 2018111677VS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005 með síðari breytingum (flutningur fjármuna, VRA-vottun)

Persónuvernd vísar til tölvupósts nefndarsviðs frá 20. nóvember síðastliðnum um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005 (304. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019, þskj. 352).

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að við undirbúning VRA-vottunar verði tollstjóra heimilt að afla og vinna upplýsingar frá opinberum aðilum, innlendum sem erlendum, um hvort stjórnendur, stjórnarmenn, starfsmenn eða umboðsmenn hafi gerst sekir um brot samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 145. gr. a laganna eða hafi verið ákærðir eða sæti rannsókn skv. 2. tölul. 1. mgr. 145. gr. b. Opinberum aðilum, þar á meðal dómstólum, sýslumönnum, lögreglu, handhöfum ákærvalds, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og stjórnsýslustofnunum sem hafa heimildir til að beita stjórnsýsluviðurlögum, skal þá vera skylt að veita tollstjóra upplýsingarnar. Lagaákvæði um þagnarskyldu skulu ekki takmarka skylduna til þess að veita aðgang að upplýsingum. Áður en upplýsingaöflunin fer fram skal tollstjóri tilkynna viðkomandi stjórnendum, stjórnarmönnum, starfsmönnum eða umboðsmönnum um hana og vekja jafnframt athygli þeirra á upplýsingaskyldu samkvæmt 2. mgr.

Með 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er svo lagt til að listi með heitum og kennitölu viðurkenndra rekstraraðila skuli vera öllum aðgengilegur á vefsvæði tollstjóra.

Að virtum 4. kafla almennra athugasemda við frumvarpið og athugasemdum við 6. gr. þess gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Valborg Steingrimsdóttir